



# FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

ISLANDS INDUSTRIFORBUND FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Vilhjálmur Egilsson, formaður  
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 116 / 588

komudagur 14 / 12 1992

Reykjavík, 14. desember 1992

## Varðar frumvarp til laga um breytingar í skattamálum.

Félag íslenskra iðnrekenda vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri í tilefni af ofangreindu frumvarpi.

Það eru félaginu mikil vonbrigði að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að gengið sé lengra en raun ber vitni í þá átt að samræma skattlagningu fyrirtækja hér á landi því sem sem tðkast í nágranna- og samkeppnislöndum okkar á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs ræðst einmitt ekki hvað síst af því skattkerfi sem það býr við.

Í þessu sambandi vill félagið vekja sérstaka athygli á þremur atriðum en vekur jafnframt athygli á því að sú upptalning er engan vegin tæmandi.

- 1 Hverfa þarf frá tvöföldu kerfi neysluskatta eins og tðkast hér á landi með virðisaukaskatti og vörugjöldum. Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir á virðisaukaskatti (fækkun undanþága með upptöku annars skattþreps og skerðingu á endurgreiðslum vegna vinnu á byggingarstað) hefði að mati félagsins átt að tengja breytingum á vörugjaldi. Þó ekki takist að þessu sinni að leggja af þetta tvöfalda kerfi neysluskatta er engu að síður nauðsynlegt að Alþingi móti ákveðna stefnu hvað þetta varðar, þannig að þessir tveir neysluskattar þróist ekki óháðir hvor öðrum.
- 2 Það er félaginu áhyggjuefni að ekki á að standa við fyrri ákvarðanir um að lækka tekjuskattshlutfall lögaðila í 33% eins og boðað hafði verið. Þetta skapar óvissu og óróa í atvinnulífi og gefur tilefni til að draga í efa að hlutfallið verði lækkað úr 38% í 33% þegar á næsta ári, ekki síst í ljósi reynslunnar af skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.
- 3 Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er enn framlengdur. Eins og margoft hefur verið bent á á sértæk skattheimta af þessu tagi engan rétt á sér og hana ber að afnema sem fyrst.

Virðingarfyllst,  
FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Jón Steindór Valdimarsson, lögfr.